

Ár 2011, þriðjudaginn 5. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun ríkissaksóknara**

### **I.**

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal ríkissaksóknari njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Með úrskurði kjararáðs nr. 2009.3.002 frá 10. mars 2009 tók kjararáð ákvörðun um lækkun launa dómara. Ákvörðunin fól í sér að frá og með 15. mars 2009 skyldi greiða hæstaréttardómurum 18 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu sem starfinu fylgir. Í kjölfarið hefur ríkissaksóknari fengið greidd laun til samræmis við laun hæstaréttardómara, sbr. áður nefnda 1. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála.

Með úrskurði nr. 2011.3.001 frá 4. febrúar 2011 ákvað kjararáð að frá og með 1. febrúar 2011 til og með 31. janúar 2013 skyldi greiða hæstaréttardómurum 20 einingar á mánuði vegna sérstaks tímabundins álags, til viðbótar einingum samkvæmt úrskurði kjararáðs nr. 2009.3.002.

Með vísan til framangreinds hefur kjararáð ákveðið að launakjör ríkissaksóknara skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

### **II.**

#### **Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. febrúar 2011 til og með 31. janúar 2013 skal greiða ríkissaksóknara aukalega 20 einingar á mánuði, til viðbótar 18 einingum sem skal greiða honum frá 15. mars 2009.

Eining er 1% af 126. launaflokki kjararáðs, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson